



AFRIT TIL EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFNDAR ALÞINGIS

U. 666. mál

Bílgreinasambandið
Özur Lárusson framkvæmdastjóri
Gylfaflöt 19
112 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2012

Efni: Umsögn til Nefndarsviðs Alþingis dags. 15. maí 2012

Við hjá Even hf., höfum um nokkurt skeið verið að íhuga að sækja um aðild að Bílgreinasambandinu, þar sem Even hefur fengið umboð fyrir nokkrar tegundir rafbíla sem stefnt er að setja á markað á Íslandi.

Even hefur undanfarin 4 ár unnið að undirbúningi rafbílavæðingar Íslands ásamt móðurfélagi sínu Northern Lights Energy ehf. og fleiri aðilum.

Í tengslum við verkefnið hefur náðst að fá fjöldan allan af erlendum aðilum sem hafa þekkingu á rafbílum, hleðslulausnum o.fl. sem tengist rafbílavæðingu til að sýna Íslandi áhuga. Ísland á alla möguleika á að geta orðið leiðandi í rafbílavæðingu í heiminum, líkt og Norðmenn, sérstaklega vegna þeirra ívilnana sem þegar eru á rafbílum hér á landi (tollar og vörugjöld) og einnig nú síðast með nýjustu tillögunni frá ríkisstjórninni um tímabundna niðurfellingu virðisaukaskatts af hreinorkubílum.

Við hjá Even hf. fylgjumst vel með því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um framangreint og sá ég að Bílgreinasambandið hafði sent inn umsögn sem dagsett var 15. maí sl.

Ég get verið sammála flestu í umsögninni, en mér kom á óvart þegar ég las síðustu málsgreinina, en þar er m.a. fjallað um REVA rafbíla (sem við erum með umboð fyrir) og gætir þar nokkurrar ónákvæmni sem ég óska eftir að Bílgreinasambandið sjái sér fært að leiðrétta sem fyrst með bréfi til Nefndarsviðs Alþingis.

Even hf. stefnir að innflutningi á rafbílum REVA NXR á næstu misserum, en búist er við að fyrstu bílarnir verði afhentir í Evrópu öðru hvoru megin við næstu áramót. REVA NXR er ný gerð af rafbíl frá indverska fyrirtækinu Mahindra Reva, en fyrirtækið hefur fram að þessu eingöngu framleitt rafbílinn REVAi og selt meira en 4.000 eintök af þeim bíl til 26 landa.

Okkur hjá Even var boðið að taka þennan bíl til sölu (þ.e.a.s. REVAi), en sökum þess sem þú réttilega nefnir í umsögn þinni, þá töldum við ekki að þessi tegund af REVA rafbíl myndi vera

æskileg til notkunar á Íslandi, m.a. vegna öryggisatriða, og ákváðum við því að bjóða hann ekki hér á markaðinum.

Hins vegar munum við flytja inn REVA NXR rafbílinn, þegar hann hefur farið í gegnum EuroNCAP prófanir. Bíllinn fellur undir flokkinn M1 – sem er svollaður „passenger vehicle“ flokkur. REVA NXR er nýr rafbíll frá grunni og stenst fyllilega allar gæða- og öryggiskröfur sem gerðar eru í Evrópu og er á engan hátt hægt að líkja við „fjór hjól“ eða „yfirbyggt mótör hjól“ eins og vísað er til í umsögn Bílgreinasambandsins. REVA NXR er með hámarkshraða yfir 100 km og fer 160 km á hleðslunni og hentar því mjög vel hér á Íslandi.

Eigandi Reva fyrirtækisins er Mahindra Group, en hjá félaginu starfa yfir 140.000 manns í 100 löndum og er Mahindra stór bílaframleiðandi og keypti félagið nú fyrir skömmu Ssang Young Motor Company í Kóreu.

Það er því ekki rétt sem fram kemur í umsögn Bílgreinasambandsins að „ákveðnir einstaklingar“ (og er þá væntanlega átt við þá sem standa að Northern Lights Energy ehf. og/eða Even hf.) hafi hugmyndir um innflutning á bílum frá Indlandi „sem varla geta talist bílar“.

Óska ég því eftir því að Bílgreinasambandið leiðrétti framangreint í umsögn sinni með bréfi til Alþingis sem fyrst.

Eins og ég vék að í upphafi bréfsins, þá hefði ég áhuga á að sækja um aðild fyrir Even hf. að Bílgreinasambandinu, en hefði viljað hitta þig varðandi það mál og kynna fyrir þér áætlanir okkar.

Virðingarfyllt



Gísli Gíslason

Afrit sent Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis